

1

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin
DRÖG

Eftirlitsnefndint eftirlitsnefndarinnar um

Skýrslu Ríkisendurskoðunar Danmerkur til Norðurlandaráðs um endurskoðun ársreikninga Norræna menningarsjóðsins 2020

Tillaga

Eftirlitsnefndin samþykki drög skrifstofunnar að nefndaráliti

og

Eftirlitsnefndin leggi til að Norðurlandaráð samþykki að tileinka sér ársreikning Norræna menningarsjóðsins árið 2020 og endurskoðunarskýrslu um hann.

og

Eftirlitsnefndin leggi til að Norðurlandaráð taki mið af athugasemdum og tillögum Ríkisendurskoðunar Danmerkur.

Skýring

Í samræmi við samþykktir Norðurlandaráðs skilar Ríkisendurskoðandi Danmerkur í samstarfi við fulltrúa á danska þjóðþinginu endurskoðunarskýrslu fyrir reikningsárið 2020 vegna Norræna menningarsjóðsins (NKF).

Ársreikningurinn fyrir árið 2020 sýnir afgang sem nemur 1,3 milljónum danskra króna en hann nam 0,1 m. d.kr. árið á undan.

Heildartekjur nema 38,3 m.d.kr. en námu 38,5 m.d.kr. árið 2019 sem samsvarar lækkun sem nemur 0,2 m.d.kr. Ríkisendurskoðun getur þess um eignir og skuldir að „eignirnar samanstandi fyrst og fremst af viðskiptakröfum sem nema 18,6 m.d.kr. en námu 18,2 m.d.kr. árið 2019 ásamt bankainnstæðu sem nemur 15,9 m.d.kr. en nam 8,9 m.d.kr. árið 2019.“[...] „Skuldirnar samanstanda fyrst og fremst af ógreiddum fjárveitingum til verkefna sem nema alls 29,4 m.d.kr. en námu 20,5 m.d.kr. árið 2019. Útborgun ógreiddra fjárveitinga til verkefna mun fara fram á næstu tveimur árum eftir fjárveitinguna. Að þeim tíma liðnum eru ónotaðar fjárveitingar til verkefna færðar til baka í ný verkefni.“

Eigið fé nemur 4,7 m.d.kr. og samanstandur af yfirfærðum rekstrarafgangi upp á 3,4 m.d.kr. frá árinu á undan og rekstrarafgangi ársins sem nemur 1,3 m.d.kr.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun Danmerkur telur ársreikningana gefa glögga mynd af eignum,



skuldum og fjárhagsstöðu. Ríkisendurskoðun Danmerkur telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Ríkisendurskoðun vekur þó athygli á nokkrum öðrum atriðum sem eru tekin með hér í heild sinni:

[...]”5. Í þessum kafla förum við yfir þau atriði sem komið hafa í ljós við endurskoðun á Norræna menningarsjóðnum (NKF).

6. Norræni menningarsjóðurinn hefur gert umsýslusamning við Norrænu ráðherranefndina (NMR) sbr. 33. lið. Samningurinn varðar m.a. launa-, upplýsingatækni- og fjármálastarfsemina. Því hafa aðstæður í fjármálastjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar áhrif á ársreikninga NKF m.m.

7. Norræna ráðherranefndin tók nýtt fjárhagskerfi í notkun 1. maí 2019. Framkvæmdin hefur reynst erfiðari en ráð var gert fyrir. Það hefur leitt til þess að Norræna ráðherranefndin hefur ekki haft virka verkferla og eftirlit með reikningshaldi sínu fyrir Norræna menningarsjóðinn frá 1. maí 2019 til 31. desember 2020; þ.e.a.s. fyrir meginhluta reikningsársins 2019 og fyrir allt reikningsárið 2020.

8. Samkvæmt fjárhagsreglunum er skilafrestur ársreikninga og endurkoðunargagna fyrir norrænu stofnanirnar þrjú til Ríkisendurskoðunar settur þann 15. febrúar á eftirfarandi reikningsári. Við höfum þó séð ýmsa vankanta á innsendum bókhaldsgögnum. Greint er frá þeim hér fyrir neðan:

Skortur á fylgiskjöllum

9. Endurskoðunin sýndi að Norrænu ráðherranefndina vantar enn fylgiskjöl með stórum hluta færslna í bókhaldskerfinu fyrir bókhald Norræna menningarsjóðsins, eins og við einnig sáum í ársreikningum 2019. Það flækir endurskoðun fylgiskjala og gerir rakningu færslna ógagnsæja. Yfirferð okkar sýnir að minnst 23% (1.292 færslur) af öllum færslum reikningsárið 2020 hafa ekkert fylgiskjal og enn fleiri hafa ekki viðeigandi fylgiskjal. Það telur Ríkisendurskoðun ekki vera samkvæmt góðri bókhaldsvenju.

Seinkun á greiðslum til kröfuhafa

10. Endurskoðun útgjalda sýndi að verulegur fjöldi reikninga var ekki greiddur fyrir greiðslufrest reiknings. Það hefur haft í för með sér útgjöld sem nema 1.324,25 d.kr. í dráttarvexti og gjöld.

Endurgreiðslu virðisaukaskatts ekki krafist

11. Norræni menningarsjóðurinn getur fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem er greiddur í Danmörku. Endurskoðunin hefur leitt í ljós að Norræni menningarsjóðurinn hefur ekki krafist endurgreiðslu virðisaukaskatts af útgjöldum



sem hafa verið greidd með greiðslukortum, jafnvel þó að útgjöldin séu virðisaukaskattskyld og hafi farið fram í Danmörku. Við höfum ekki leitt í ljós hve háa upphæð vanræksla Norræna menningarsjóðsins varðandi endurgreiðslu virðisaukaskatts varðar. Afleiðingin er sú að útgjöld hafa verið færð til gjalda í bókhaldi ársins 2020, sem hægt er að fá endurgreidd og geta þar með lækkað útgjöld ársins 2020. Norræni menningarsjóðurinn hefur upplýst að á árinu 2021 muni fara fram úttekt á útgjöldum varðandi árið 2020 í því skyni að leita eftir endurgreiðslu í kjölfarið.

Seinkun á skilum á virðisaukaskattsskýrslu

12. Endurskoðun „annarra skammtímakrafna“ sýndi að Norræni menningarsjóðurinn skilaði ekki virðisaukaskattsskýrslu á réttum tíma vegna ársins 2020. Skil virðisaukaskattsskýrslu fyrir 1. – 3. ársfjórðung 2020 fóru fram 17. janúar 2021, á meðan skýrslu 4. ársfjórðungs var skilað í apríl 2021.

Ríkisendurskoðunin setur fram eftirfarandi tvær tillögur vegna þessara athugasemda sinna:

Við mælumst til að Norræni menningarsjóðurinn sjái almennt til þess, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, að lagi verði komið á ofangreindar villur og vandamál sem varða árið 2020, til þess að þau færast ekki áfram til reikningsársins 2021.

Við leggjum til, eins og við gerðum í endurskoðunarskýrslu ársins 2019, að Norræni menningarsjóðurinn í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hrindi af stað ítarlegri yfirferð á verkferlum og vinnulagi og láti fram fara eftirlit sem tryggir til framtíðar að ofangreind vandamál haldi ekki áfram á reikningsskilatímabilum í framtíðinni.

Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telji að ársreikningar 2020 gefi réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að gefin verður út áritun endurskoðanda á ársreikningana án fyrirvara eða ábendinga.

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningsskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan telst vera í lagi.

Eftirlitsnefnd hefur kynnt sér tillögur Ríkisendurskoðunar Danmerkur þess efnis að Norræni menningarsjóðurinn:

Sjái almennt til þess, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, að lagi verði komið á ofangreindar villur og vandamál sem varða árið 2020, til þess að þau færast ekki áfram til reikningsársins 2021.

Í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hrindi af stað ítarlegri yfirferð á verkferlum og vinnulagi og láti fram fara eftirlit sem tryggir til framtíðar að ofangreind vandamál haldi ekki áfram á reikningsskilatímabilum í framtíðinni.



Norðurlöndum, 7. september 2021

Anders Kronborg (S)

Kaisa Juuso (NF)

Maria Stockhaus (M)

Per-Arne Håkansson (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (NGV)

Ole André Myhrvold (M)

Ruth Mari Grung (A)